

5. stjórnarfundur EBAK 24. sept. 2018.

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Garðar Lárusson, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir, Egill Jónsson og Birgir Svavarsson.

Fjarverandi: Kolbrún Kristjánsdóttir

1. **Fundarsetning** – formaður setti 5. fund stjórnar EBAK 2018 – 2019.
2. **Fundargerð stjórnar EBAK** – nr. 4 frá 5. sept. 2018, afgreiðslu frestað.
3. **Fundargerð aðalfundar 2018** – afgreiðslu frestað.
4. **Dagbók** á skrifstofu, yfirfarin og rædd. Hallgrímur var í viðveru 12. sept. Einn hringdi og spurði um aðild. Enginn var á skrifstofunni 19. sept.

5. Umfjöllun um verkefni milli stjórnarfunda

a) **Starfsemi í Bugðusíðu** í sumar. Um 3000 manns komu við í húsinu, sem sýnir mikilvægi þess sjálfboðastarfs sem Bugðusíðunefndin vann. Nefndarmönnum var afhent gjafabréf frá EBAK sem þakklætisvottur í Pálínukaffinu þann 10. sept. sl.

Starfið í Víðilundi í júlí var á vegum EBAK. Það gekk vel í umsjón Lindu Sigfúsdóttur. Opið var frá kl. 9 – 12. Fastagestir ánægðir og leggja áherslu á mikilvægan öryggisþátt samverunnar í morgunkaffinu. 748 manns komu í Víðilund í júlí 2018. Í júlí 2017 komu hins vegar 537 manns.

b) Fréttabréf Akureyrarbæjar með vetrardagskrá félagsmiðstöðvanna er komið út og starfið samkvæmt henni hófst 12. sept. Nauðsynlegt er að skipuleggja dagskrána á vorin og hafa samráð svo verkefni skarist ekki. Meiri og betri dreifing fréttabréfsins var rædd. Ákveðið að semja auglýsingu og setja í Dagskrána um hvar bæklingurinn liggur frammi og það gert í samráði við Bergljótu.

Margrét lagði áherslu á, að vegna elsta hópsins sem sækir samverustundir í morgunkaffinu í Víðilundi væri nauðsynlegt að hafa opið þar alla virka daga.

c) Haustfundur stjórnar EBAK með formönnum og talsmönnum nefnda var haldinn í Bugðusíðu 22. sept. sl. Fulltrúar allra nefnda mættu og einnig 5 úr stjórn EBAK, alls 16 manns. Nefndirnar gerðu grein fyrir því blómlega starfi sem þær hafa skipulagt í vetur. Þá gerðu stjórnarmenn grein fyrir ýmsum málefnum sem eru ofarlega á baugi og unnið verður að á komandi mánuðum. Skipst var á skoðunum um ýmislegt sem lítur að starfseminni í Bugðusíðu o.fl. Fundurinn tókst vel.

d) Lýsa, rokkhátíð samtalsins var haldin 7. og 8. sept. hér á Akureyri. Þetta er nýtt fundaform að norrænni fyrirmynd, samtal fólksins. Haukur formaður var fulltrúi EBAK og taldi þingið hafa tekist vel. Rætt var um heitið á hátíðinni sem sumum finnst ekki heppilegt.

e) Viðræður við Búfesti um heppilegt húsnæði fyrir eldri borgara á Akureyri.

Dóra sagði frá því að á LÝSU komu fram áhyggjuraddir um fá úrræði í búsetumálum aldraðra hér á Akureyri en enginn sagði þar frá áformum Búfesti.

Haukur minnti á að fjárskuldbindingalaus viljayfirlýsing við byggingaráform Búfesti hafi verið undirrituð snemma þessa árs fyrir hönd EBAK. Þar var farið fram á að Akureyrarbær skipulegði lóðir fyrir þessa starfsemi. Hann og Halldór áttu fund nýlega með fulltrúum

Búfesti, fulltrúum úr bæjarstjórn og formanni skipulagsnefndar vegna aðalskipulags bæjarins með tilliti til mögulegra lóða fyrir Búfesti.

Aðkoma EBAK hefur aðeins verið að fylgjast með framvindu málsins og viljayfirlýsingin. Félagið er ekki beinn aðili að málinu.

Samþykkt að haldinn verði opinn kynningarfundur með Búfesti. Framkvæmdaráði stjórnar var falið að finna heppilega dagsetningu í haust í samvinnu við Búfesti og mætti fundurinn gjarnan vera eftir kl. 16.30.

Fundarmenn tóku stutt hlé, árnúðu Hallgrími Gíslasyni heilla með 70 ára afmælið og neyttu afmælisköku í hans boði.

6. **Starfsmannamál** í Bugðusíðu. Um er að ræða tvö hlutastörf. Linda Hrönn Sigfúsdóttir er ráðin sem verkstjóri ótímabundið í 37% starf og Sunna Dögg Tavsén ráðin sem matráður í 50% starf til áramóta. Starfslýsingar hafa verið gerðar fyrir bæði störf.

7. **Námskeiðahald á vegum stjórnar EBAK.**

- a) Haukur gerði grein fyrir möguleika á leiðsögn Lindu um notkun einfaldra snjalltækja. Hún ætlar að koma með tíma og tillögur.

Leiðsögn í billjard fyrir nýja aðila. Setja þarf auglýsingu í Dagskrána.

- b) Dóra og Halldór eru í viðræðum við Önnu Breiðfjörð um dansnámskeið í haust.

Þá eru Dóra og Halldór að vinna að því að haldið verði skriðsundsnámskeið.

- c) Garðar undirbýr örnámskeið í matreiðslu með VMA.

- d) Margrét tók að sér að ræða við Bergljótu um enskunámskeið.

- e) Búið að ákveða briddsnámskeið á vegum fræðslunefndar með Stefáni Vilhjálmssyni.

8. **Húsnæðismál** félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu, sbr. ályktun aðalfundar 2018.

Ákveðið hefur verið að skipa 3 manna nefnd sem vinni í umboði stjórnar að viðræðum við Akureyrarbæ um breytingar á húsnæði félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu m.a. með stækkun salarins í huga. Viðbygging kemur einnig til greina.

9. **Endurskoðun samningsins við Akureyrarbæ.** Málið rætt og því vísað til framkvæmdaráðs stjórnar EBAK.

10. **Notendaráð**, hlutverk þess og skipun fulltrúa EBAK í það. Þetta er stjórnskipulega sjálfstætt starfandi ráð notenda félagsmiðstöðvanna og á að vera til samráðs um starfið í báðum félagsmiðstöðvunum. EBAK ber samkvæmt samningi við Akureyrarbæ að tilnefna tvo fulltrúa í þetta ráð. Halldóra Hrönn Höskuldadóttir og Hulda Eggertsdóttir hafa verið fulltrúar EBAK og Egill Jónsson varafulltrúi. Að loknum aðalfundi skipar stjórn fulltrúa í ráðið.

11. **Heilsuefning og forvarnarstarf** – samstarfsverkefni Akureyrarbæjar, EBAK og öldungaráðs. Halldór sagði að um framtíðarverkefni væri að ræða. Akureyrarbær hefur gert samning við landlækni um heilsuefningu. Tillögur um aðkomu EBAK að þessu verkefni eigum við að senda til Kristins J. Reimarssonar. Bærinn er líka að skoða viðbrögð við breytingum á lögum um öldungaráð. Benda má á að nú er opið í félagsmiðstöðvunum alla virka daga og matur þar í hádeginu.

12. **Viðvera á skrifstofu:** 26. september Garðar; 3. október Margrét; 10. október Halldór og Birgir; 17. október Halldóra; 24. október Haukur.

13. **Næsti stjórnarfundur** miðvikudaginn 24. október kl. 13 – 15. Skrifstofan opin kl. 15 -16.

14. Önnur mál

- a) Afsláttarbókin: Garðari falið að vera formaður nefndar sem vinni að söfnun afsláttar fyrir eldri borgara. Ágúst Hilmarsson og Svanfríður Larsen gætu verið aðrir nefndarmenn en þau hafa lýst sig tilbúna til starfa að þessu máli.
- b) Guðrún Sigurðardóttir sendi bréf og óskaði eftir fundaraðstöðu í Bugðusíðu fyrir félagið Powertalk. Ákveðið að þær greiði 10.000 kr. fyrir hvern fund samkvæmt samþykktu gjaldskrá. Skoðað aftur ef þær óska þess.
- c) Halldóra Hrönn fer í veikindaleyfi frá 24. okt. og verður frá fram yfir áramót.

Fundi slitið kl. 12.54.

Margrét Pétursdóttir

ritari